

Sveitarfélagið Hornafjörður
b/t Gunlaugur Róbertsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 24. júní 2019
UST201905-174/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag – Lambleksstaðir – Sveitarfélagið Hornafjörður

Vísað er til erindis skipulagsstjóra sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á deiliskipulagi í landi Lambleksstaða í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan gengur út á að skipulagssvæðið stækkað og skipt í þrjá byggingarreiti A-D hver með sína húsaþyrpingu. Breytingin á deiliskipulaginu tekur til frekari uppbyggingar á gistaðstöðu og nýbygginga fyrir ferðapjónustu. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hversu stórt skipulagssvæðið sé eftir breytingu.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólþ nr. 798/1999.

Neysluvatn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdin verður unnin í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Bílastæði og þjónusta

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hversu mörg bílastæði verða á svæðinu og hvað tillagan gerir ráð fyrir mörgum húsbílastæðum. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að fjallað sé um í tillögunni þá þjónustu sem verður á svæðinu fyrir húsbílaeigendur.

Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru við skipulagssvæðið og við reit D m.a. vistgerðirnar

starungsmýravist og runnamýrarvist sem eru með mjög hátt og verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í runnamýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að allt rask á svæðinu sé haldið í lágmarki og komist hjá því eins og kostur er að vernda ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Mat á umhverfisáhrifum

Svæðið sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir nýjum þyrpingum af smábyggingum fyrir ferðamenn á þremur byggingarreitum auk húsbílastæða, en fyrir er smábyggingabyggð og tjaldstæði. Samkvæmt aðalskipulagi er heimilt að vera með allt að 40 gistirými.


Þar sem hér er um að ræða fremur umfangsmikla starfsemi bendir stofnunin á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorðið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur